

Dalabyggð  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík 17. ágúst 2018  
UST201806-095/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - Gildurbrekkur í Dalabyggð**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar er barst 7. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi atvinnu- og frístundalóða í landi Hlíðar í Hörðudal í Dalabyggð.


### **Skipulagssvæðið**


Í greinargerð tillögunnar kemur fram að skipulagssvæðið er alls 5,4 ha, og að landið liggur neðan vegar í halla niður að Tunguá.

### **Fjarlægðir frá Tunguá**

Í greinargerð kemur fram að fjarlægð frá Tunguá að skipulagssvæðinu er u.þ.b. 30 m. Umhverfisstofnun bendir á að fjarlægð byggingarreitar lóðarinnar F (reitur F), virðist liggja nær Tunguá en 50 m sem samræmist ekki ákvæðum skipulagsreglugerða nr. 90/2013, en þar kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., *Skipulag við vötn, ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“* Umhverfisstofnun bendir á að byggingarreitir ofangreindrar lóðar þurfa að vera a.m.k. 50 metra frá Tunguá.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur